

# Námsstöður deildarlækna í lyflækningum á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri

Lausar eru til umsóknar námsstöður deildarlækna í lyflækningum við Landspítala (LSH) og á Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK).

- » Stöðurnar eru veittar til allt að þriggja ára frá 26. ágúst 2019 eða eftir samkomulagi.
- » Unnt er að taka allt að þriðjung námsins á SAK.
- » Um kjarnanám í lyflækningum er að ræða sem byggir á Core Medical Training (CMT) í Bretlandi. Námið er samkvæmt marklýsingu og hefur fengið vottun Royal College of Physicians í Bretlandi.
- » Mats- og hæfisnefnd hefur formlega samþykkt marklýsingu námsins skv. reglugerð (nr. 467/2015).
- » Námið hentar sérstaklega vel fyrir þá sem hyggja á frekara framhaldsnám í almennum lyflækningum eða undirsérgreinum lyflækninga.

## LANDSPÍTALI BÝÐUR:

- » Fyrri hluta sérfræðináms í lyflækningum í allt að þrjú ár. Handleiðara, sem hafa fengið sérstaka þjálfun. Sérnámshandleiðari fylgir námslækni eftir öll þrjú árin, en auk þess styður klínískur handleiðari við námslækninn á hverri fjögurra mánaða vist.
- » Fimm kennslustjóra sem taka að sér tiltekin verkefni sem snúa að náminu auk rúmlegra eitt hundrað sérfræðilækna með breiða þekkingu í lyflækningum.
- » Rafrænt skráningarkerfi (ePortfolio) sem heldur utan um framgang námslæknis.
- » Skipuleg fræðsla, hermikennsla og undirbúningur fyrir MRCP prófin.
- » Rannsóknarverkefni undir handleiðslu leiðbeinanda.
- » Nám samhliða starfi.
- » Námsráðstefnur skv. kjarasamningi.
- » Hvatningu til að taka þátt í unglæknastarfi við Evrópusamtök lyflækna (EFIM).
- » Að námslæknar sækja um að stunda meistaranám eða doktorsnám við Læknadeild Háskóla Íslands.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- » Vinna og nám á bráðadeild, dag- og göngudeildum og legudeild ásamt vaktþjónustu
- » Vinna við ráðgjöf lyflækninga á deildum Landspítala, undir umsjón sérfræðilækna
- » Kennsla kandidata, læknanema og annarra fagstétta heilbrigðisstarfsmanna
- » Þátttaka í gæða- og vísindavinnu
- » Framhaldsnám í almennum lyflækningum
- » Standast þarf árlegt stöðumat til að námslæknir geti færst yfir á næsta námsár

## Hæfnikröfur

- » Hafa lokið kandidateitun og hafa lækningaleyfi á Íslandi eða uppfylla skilyrði til þess
- » Áhugi á að starfa við lyflækningar
- » Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

## Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Læknafélag Íslands hafa gert. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umsókn fylgi staðfestar upplýsingar um námsferil og fyrri störf. Umsækjendum sem uppfylla skilyrði verður boðið í viðtal og byggir ráðning m.a. á frammistöðu í viðtali og innsendum gögnum. Öllum umsóknum verður svarað.

### Framhaldsnám lækna

Starfshlutfall er 100%  
Umsóknarfrestur er til og með **25.02.2019**

## Nánari upplýsingar veitir

Friðbjörn R Sigurðsson - [fridbjor@landspitali.is](mailto:fridbjor@landspitali.is) - 543 6550